

40

12. febr.

2. gr.
Tvo fyrstu málsliði fyrri málsgr. 38. gr. laganna skal orða svo:
Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, svo fljótt sem við verður komið þegar reikningar bankans eru fullgerðir. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með nægum fyrirvara.

3. gr.
Fyrsta málslið fyrri málsgr. 39. gr. laganna skal orða svo:
Á aðalfundi nefndarinnar árið eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr. kýs nefndin sér forseta til aðalfundar 2 árum síðar.

4. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1934, fellur niður 31. des. 1939.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1936, fellur niður 31. des. 1941.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1938, fellur niður 31. des. 1943.

Á þingi því, er samþykkir þessi lög, fer fram kosning 5 landsbankanefndarmanna og jafnmargra varamanna fyrir árabilið frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1945.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

41

12. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:
Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist rannsóknanefnd ríkisins, til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka Alþingis.
Nefnd þessi skal hafa á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og þess hluta rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna og framkvæmd matvælarannsóknanna. Nefndin ákveður rannsóknarefni

stofnana þessara í samráði við forstjóra þeirra og deildarstjóra, en skylt er henni að leita áður álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landssambanda atvinnugreina. Gæta skal þess að samræma störf þessara stofnana og einstakra deilda þeirra, eftir því sem fært er. 41
12. febr.

2. gr.

Í stað 2. másl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., kemur: Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum störfum og rekstri stofnunarinnar undir yfirstjórn rannsóknanevndar. Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra með reglugerð fyrir mæli um starfstilhögun og starfsskiptingu stofnunarinnar.

3. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 10., 11. og 12. gr.

4. gr.

Í stað 12. og 13. gr. laganna komi ný 13. gr., er orðist þannig: Atvinnumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknanevndar ríkisins, laun starfsmanna stofnunarinnar, þeirra sem um ræðir í 3.—5. gr., þangað til þau verða tiltekin í launalögum. Hann skipar einnig fyrir um það, í samráði við nefndina, hversu margt annað starfsfólk skuli starfa við stofnunina og hver laun þess skuli vera.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Ólafur Thors.

L Ö G

42

12. febr.

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um